Nd. **1034. Framhaldsnefndarálit** [288. mál]

um frv. til l. um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þá breytingu á fyrirsögn frv. sem gerð var við eina umræðu í efri deild. Þó að meiri hl. nefndarinnar hefði kosið fremur það heiti á lögunum, sem samþykkt var í neðri deild, telur hann það ekki skipta svo miklu máli að ástæða sé til að breyta því að nýju, enda fram komið álit málfræðinga að orðin landkaup og landakaup séu jafnrétthá í íslensku máli.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. maí 1981.

Alex. Stefánsson, form., frsm. Friðrik Sophusson, fundaskr. Eggert Haukdal.

Steinþór Gestsson. Guðm. J. Guðmundsson.